

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Hörður Oddfríðarson ritari, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Guðrún Pálsdóttir og Árni Stefánsson gjaldkeri

Afboða, mæta ekki : Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða

Fundur 05.02 2026 settur kl. 18.00

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

1. Mót og starfsemi

- a. RIG fór fram í Laugardalslaug 23. – 25. janúar. Fjöldi keppenda var rúmlega 250 frá nokkrum löndum. Mótið heppnaðist vel og var valin maður í hverju rúmi og margar hendur unnu létt verk. Stjórn SSÍ þakkar öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg auk starfsfólks SSÍ. Einnig vill stjórn koma sérstöku þakklæti til Sundfélagsins Ægis sem var samstarfsaðili SSÍ við mótahaldið. RIG samstarfið var lauslega rætt og eru skoðanir skiptar í því sambandi og staðan á því tekin síðar.
- b. Rætt var um mótahald almennt og hvað betur megí fara í skipulagi móta Framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri hittast í næstu viku og fara yfir stöðuna og leggja fram hugmyndir að skipulagi.
- c. Uppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir. Stjórnarfólki finnst við almennt fá upplýsingar úr bókhaldi of seint og yfirsýn ekki vera nægilega mikil. Framkvæmdastjóri hittir bókara og fara yfir stöðuna og kanna hvað hægt er að gera til úrbóta samhliða því sem árinu 2025 er lokað.
- d. Í tengslum við umræðu um mótamál kom aftur upp hugmynd um að hafa námskeið eða kynningu fyrir hreyfinguna um hvernig halda á mót og hvaða stöður þarf að manna, hvernig best verður haldið utanum foreldrastarf o.s.frv.
- e. Framkvæmdastjóri ásamt gjaldkera stjórnar Árna Stefánssyni hafa hisst stuttlega til að ræða stefnumótun SSÍ. Fundir verða boðaðir í framhaldinu þar sem að fleiri koma að málum og lagt fyrir stjórn til samþykktar.
- f. Í lok RIG var skrifað undir samninga við það sundfólk sem fékk einstaklingsstyrki frá ÍSÍ.
- g. Rætt var um afmælishóf í tilefni af 75 ára afmælis SSÍ á þessu ári. Afmælishófið, sem tileinkað verður sjálfboðaliðanum verður haldið þann 12. febrúar n.k í Þróttaraheimilinu. Farið var yfir dagskrá, þátttöku, heiðursverðlaun ofl.
- h. Farið var yfir erindi til Steinþórs hjá Menningar- og íþróttaráði Reykjavíkur um sóknaráætlun borgarinnar um aðstöðu í sundlaugum Reykjavíkur og beiðni SSÍ um að koma þar að málum.
- i. Farið var yfir forsendur ráðningar starfsmanns í hálf t starf til að sinna móta og markaðsmálum á skrifstofu SSÍ. Gerð verður stutt þarfagreining og starfslýsing fyrir þessa ráðningu og ásamt kostnaði við ráðninguna og hvað sparast á móti og lagt fyrir stjórn á Teams fundi milli skipulagðra stjórnarfunda.
- j. Farið var yfir upplýsingar af vel heppnuðum þjálfarafundi sem haldin var á milli hluta á RIG.
- k. Farið var yfir erindi vegna keppenda í Artistic swimming (skoða Rasmus styrki)
- l. Farið var yfir erindi vegna keppenda í dýfingum.
- m. Farið var yfir bréf frá ÍSÍ vegna stefnumótunar íþróttahreyfingarinnar.

2. Afreksmál

- a. Yfirmaður landsliða var í frí á fundinum og uppfærir stöðu afreksmála á næsta fundi en næsta verkefni okkar er McCullagh International fyrir landsliðshópa: 20-22. febrúar (Dublin)
Í stað æfingabúða var ákveðið að bjóða upp á alþjóðlegt mót fyrir landsliðshópa í staðinn. 22 sundmenn taka þátt.

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið yfir fundargerð dómaranefndar nr. 139

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
21.01.2026	Erindi Vilma Ósk dýfingar	HÓ
23.01.2026	Svar við erindi til afrekssjóðs vegna EM í sundi	ÍSÍ/KSR
26.01.2026	Erindi Andrea Artistic Swimming	OE
30.01.2026	Stefnumótun fyrir íþróttahreyfinguna	ÍSÍ/UMFÍ
03.02.2026	Sundlaugafagnaður Þjóðminjasafns Íslands	ÞMS/HP
03.02.2026	Vorfjarnám ÍSÍ þjálfaramenntun	ÍSÍ

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
-------	-------	--------	-------	-------	--------

7. Önnur mál:

- a. SSÍ hefur borist boðsbréf frá Þjóðminjasafni Íslands vegna sundfagnaðar í Þjóðminjasafninu í tilefni af því sundmenningin fór á lista UNESCO yfir óáþreifanleg menningarverðmæti. Stjórnarfolk hvatt til að mæta.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.00